

Fundur Borgfirðings 18.11.24

Mættir: Eypór Gíslason, Friðrika Ásmundsdóttir, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Halldór Sigurkarlsson, Ísólfur Ólafsson, Gunnar Halldórsson og Steinunn Árnadóttir.

Stjórn skiptir á milli sín vekum.

Friðrika Ásmundsdóttir gjaldkeri.

Hrafnhildur Guðmundsdóttir ritari.

Gunnar Halldórsson varaformaður.

Rætt um umsókn um Íslandsmót fullorðna, þarf að skila fyrir 15.des. Ákveðið að sækja um mótið fyrir árið 2027. Formaður tekur að sér að sjá um umsóknina.

Rætt um gjaldskrá reiðhallarinnar. Erum við að tapa á því að vera með verðið of hátt þannig að færri kaupa sér aðgang? Fjölga leiðum. Ákveðið að reiðhallanefndin geri drög að nýrri gjaldsskrá fyrir næsta stjórnarfund.

Rætt um uppskeruhátið Borgfirðings sem er fyrirhuguð næsta fimtugdag. Börn 13 ára og yngri fá frítt á hátíðina. Vonumst til að sjá sem flesta og eiga ánægjulega stund saman.

Kaup á tímatökubúnaði, Gunnar Halldórsson er búinn að kynna sér málið og er komin með hugmynd að þráðlausum búnaði sem dregur allt að 360 m og þolir mikinn kulda. Félagið hefur verið að leigja búnað af Lh þegar haldið er flugskeið eða gæðingaskeið. Sjáum fyrir okkur að við getum fjölgað viðburðum þar sem er verið að keppa í þessum greinum. Samþykkt af stjórn að kaupa búnaðinn og ætlar Gunnar að sjá um að panta hann.

Önnur mál:

Gjaldkeri veltir fyrir sér hvað eigi að gera varðandi ógreidd félagsjöld, fara eftir lögum félagsins og strika út félaga sem ekki eru búnir að borga?

Steinunn spyr um skýrslu beitarnefndar, stjórn hefur ekki fengið hana en samþykkt að fá beitarnefnd með okkur á fund til að ræða ýmis atriði tengt skammtímabeit í hverfinu.

Fundi slitið og næsti fundur ákveðinn miðvikudagur 11.des.

